

Skýrsla nr. 2019-009

15. apríl 2019



# Skorradalsveita – Vatnsvinnsla 2018

**Simon Klüpfel, Hendrik Tómasson, Sandra Ósk  
Snæbjörnsdóttir, Sigrún Tómasdóttir**

Þróun

Útgefandi: Veitur / Orkuveita Reykjavíkur  
Umsjón og ábyrgð: Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir  
Mynd á forsiðu: Skorradalur/Skessuhorn – Sigfús Már Pétursson

## Skráningarblað skýrslna

<b>Skýrsla nr.</b> 2019-009	<b>Útgáfudagur</b> 15.4.2019	<b>Útgáfustaður</b> Reykjavík
<b>Heiti skýrslu</b> <b>Skorradalsveita – Vatnsvinnsla 2018</b>		
<b>Upplag</b> 5 + pdf	<b>Fjöldi síðna</b> 5	<b>Dreifing</b> Innanhúss og OS
<b>Höfundur/ar</b> Simon Klüpfel, Hendrik Tómasson, Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, Sigrún Tómasdóttir		<b>Verknúmer</b> 10045724
<b>Unnið fyrir</b> Veitur		<b>Samvinnuaðilar</b> Veitur
<b>Útdráttur</b> <p>Heildarvinnsla Skorradalsveitu fyrir árið 2018 var tæplega 277 þúsund rúmmetrar sem er tæplega 7% aukning frá árinu á undan. Heildarvinnsla frá upphafi er orðin tæplega 3,6 milljónir rúmmetrar.</p> <p>Mjög litlar breytingar eru á rennsli og vatnsborði milli ára. Breytingar á hita eru hverfandi milli áranna 2015 og 2018. Breytingar á efnainnihaldi eru hverfandi fyrir tímabilið 2008-2017.</p>		
<b>Efnisorð</b> Skorradalsveita, eftirlit, vatnsvinnsla, efnainnihald		<b>Yfirfarið / Yfirlesið</b> GÍ



## Efnisyfirlit

1 Inngangur .....	1
2 Gögn og gagnavinnsla .....	1
3 Breytingar á vinnslueftirlitsvísunum .....	2
4 Niðurstöður.....	4
5 Gagnaskrá.....	5

## Myndir

Mynd 1. Yfirlitsmynd af Skorradalsveitu.....	1
Mynd 2. Árleg heildarvinnsla Skorradalsveitu árin 2007-2018. ....	2
Mynd 3. Vinnsla úr holu SD-06 ásamt gögnum um vatnsborð, hita og efnainnihald. ....	3


## Töflur

Tafla 1. Yfirlit yfir virkjun vinnsluholu Skorradalsveitu. ....	1
Tafla 2. Árleg vinnsla úr vinnsluholu Skorradalsveitu frá 2007-2018 í þúsundum rúmmetra. ....	5
Tafla 3. Mánaðarleg vinnsla, hitastig og vatnsborð fyrir holu SD-06 árið 2018. ....	5



# 1 Inngangur

Skorradalsveita tók til starfa árið 1996 en Orkuveita Reykjavíkur tók við rekstri hennar áramótin 2006-2007. Veitan þjónar bæjum í Skorradal og sumarbústöðum í nágrenninu. Mynd 1 er yfirlitsmynd af svæði Skorradalsveitu. Allt vatn veitunnar er sótt í borholu SD-06 að Stóru Drageyri í Skorradal en hún skilar um 10-15 l/sek af um 95° heitu vatni í langtíma vinnslu. Yfirlit yfir virkjun holu SD-06 má sjá í töflu 1.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af Skorradalsveitu.

Tafla 1. Yfirlit yfir virkjun vinnsluholu Skorradalsveitu.


Hola	Borár	Hæð [m y.s.]	Dýpi [m]	Fóðring [m]	Dæluþýpi [m]	Dælugerð	Mótor, afl [hö]	Mótor, hraði [1/mín]
SD-06	1994	95	836	150	73	6JKH	40	2900

## 2 Gögn og gagnavinnsla

Gagnasöfnun fyrir veituna er í góðu lagi. Gögn um rennsli, hita og vatnsborð eru skráð í DMM viðhaldskerfið. Skýrslur sem hægt er að nálgast í DMM taka saman mánaðarlega vinnslu úr hverri holu fyrir sig og reikna út vatnsborð miðað við sjávarmál.

### 3 Breytingar á vinnslueftirlitsvísnum

Árleg heildarvinnsla Skorradalsveitu á árunum 2007-2018 er sýnd á mynd 2. Heildarvinnslan yfir þetta tímabil var tæplega 3,6 milljónir rúmmetra. Árið 2018 var heildarvinnsla tæplega 277 þúsund rúmmetrar sem er tæplega 7 % aukning frá árinu á undan.




Mynd 2. Árleg heildarvinnsla Skorradalsveitu árin 2007-2018.

Mánaðarleg heildarvinnsla úr holu SD-06 frá 2007-2018 er sýnd á mynd 3. Þar eru einnig sýndar vatnsborðsbreytingar í holunni og breytingar á hita og efnainnihaldi vatnsins. Mjög litlar breytingar eru á rennsli og vatnsborði milli ára. Mælingar á hita komust í lag á árinu 2015. Breytingar á hita vatns úr holunni eru hverfandi.

Á hverju ári er safnað sýnum af vatni til efnagreininga úr borholu veitunnar. Breytingar á efnainnihaldi geta sagt fyrir um breytingar á jarðhitakerfinu, t.d. ef um innstreymi kalds vatns er að ræða. Sýnataka fer yfirleitt fram á fyrstu mánuðum ársins þegar álag er mest á veituna. Þessar mælingar sýna að breytingar á efnainnihaldi vatnsins eru hverfandi.





Mynd 3. Vinnsla úr holu SD-06 ásamt gögnum um vatnsborð, hita og efnainnihald.

## 4 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessarar vinnsluskýrslu fyrir Skorradalsveitu eru eftirfarandi:

- Heildarvinnsla Skorradalsveitu árið 2018 var tæplega 277 þúsund rúmmetrar sem er tæplega 7 % aukning frá árinu á undan. Heildarvinnsla veitunnar á árunum 2007-2018 er orðin tæplega 3,6 milljónir rúmmetrar.
- Mjög litlar breytingar eru á rennsli og vatnsborði milli ára
- Breytingar á hita eru hverfandi milli áranna 2015 og 2018.
- Breytingar á efnainnihaldi eru hverfandi fyrir tímabilið 2008-2018.

## 5 Gagnaskrá

Tafla 2. Árleg vinnsla úr vinnsluholu Skorradalsveitu frá 2007-2018 í þúsundum rúmmetra.

Ár	SD-06	Samtals
2007	318	318
2008	295	295
2009	262	262
2010	306	306
2011	323	323
2012	342	342
2013	281	281
2014	291	291
2015	308	308
2016	296	296
2017	259	259
2018	277	277
<b>Samtals</b>	<b>3558</b>	<b>3558</b>

Tafla 3. Mánaðarleg vinnsla, hitastig og vatnsborð fyrir holu SD-06 árið 2018.

Mánuður	Vinnsla [þús. m <sup>3</sup> ]	Hiti [°C]	Vatnsborð [m y.s.]
jan	22.2	96.8	34.0
feb	20.8	96.7	31.0
mar	22.2	97.2	33.8
apr	21.4	96.7	34.3
maí	20.2	96.7	34.0
jún	23.0	96.7	35.8
júl	21.6	96.7	34.0
ágú	23.3	96.8	34.0
sep	23.7	96.8	34.0
okt	25.2	96.6	33.3
nóv	25.8	97.1	32.0
des	27.5	97.1	32.0